

Tilkynning um breytta framkvæmd varðandi skuldfærslu áfengisgjalda við tollafgreiðslu

Fylgiskjal:

Nánari upplýsingar um lagaákvæði o.fl.**Almennur greiðslufrestur aðflutningsgjalda**

Samkvæmt 1. mgr. 121. gr. tollalaga nr. 88/2005, skulu aðilar sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum enda séu þeir í skilum við ríkissjóð. Réttur til greiðslufrests tekur til aðflutningsgjalda af vörum sem fluttar eru inn í atvinnuskyni. Þegar greiðslufrestur er veittur er uppgjörstímabil tolls og annarra aðflutningsgjalda tveir mánuðir, sbr. 1. mgr. 122. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Greiðslufrestur á áfengisgjaldi

Um greiðslufrest á áfengisgjaldi gilda sérreglur. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. áfengislaga nr. 75/1998, með síðari breytingum, þurfa þeir sem stunda innflutning, heildsölu, smásölu eða framleiðslu áfengis, sérstakt leyfi. Samkvæmt 8. gr. laganna er það Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu sem veitir slíkt leyfi. Ein af forsendum þess að leyfi sé veitt er að viðkomandi hafi tilkynnt Ríkisskattstjóra um atvinnustarfsemi sína og verið skráður á fyrirtækjaskrá samkvæmt lögum um fyrirtækjaskrá, auk þess að hafa tilkynnt starfsemi sína á virðisaukaskattsskrá. Skv. 4. gr. laga nr. 96/1995 um gjald af áfengi og tóbaki skulu ennfremur þeir sem eru gjaldskyldir og flytja inn eða framleiða áfengi hér á landi til sölu eða vinnslu ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til Ríkisskattstjóra. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst.

Í lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, er gert ráð fyrir því að þeir aðilar sem flytja inn til landsins eða framleiða áfengi, greiði áfengisgjald sem rennur til ríkissjóðs. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laganna skal greiða áfengisgjaldið við tollagreiðslu. Frá þessari meginreglu er vikið í 3. mgr. greinarinnar, sem heimilar ráðherra að setja reglugerð um nánari innheimtu gjaldsins, þar á meðal að veita allt að tveggja vikna greiðslufrest og er þá hvert uppgjörstímabil tvær vikur, frá 1. til 15. hvers mánaðar og frá 16. til loka hvers mánaðar. Ráðherra nýtti sér heimild sína með setningu reglugerðar nr. 505/1998, um áfengisgjald og er þar veittur tveggja vikna greiðslufrestur til skráðra aðila.

Eins og rakið hefur verið er almennur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum tveir mánuðir, sbr. 1. mgr. 122. gr. tollalaga. Löggjafinn hefur sett sérreglur varðandi greiðslufresti vegna þeirra sem stunda innflutning á áfengi í atvinnuskyni, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 96/1995, um áfengi og tóbak, sbr. og 5. gr. reglugerðar nr. 505/1998, um áfengisgjald. Þessum sérreglum hefur ekki verið breytt og samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum víkja ákvæði almennra laga að jafnaði fyrir ákvæðum sérlaga.

Með vísan til ofanritaðs mun framkvæmd varðandi skuldfærslu áfengisgjalda nú breytast þannig að þeir aðilar, sem eru skráðir innflytjendur og framleiðendur áfengis, sbr. ákvæði áfengislaga nr. 75/1998 og 4. gr. laga nr. 96/1995 um gjald af áfengi og tóbaki, munu áfram fá skuldfært áfengisgjaldið og hafa þeir greiðslufrest á áfengisgjaldi með tveggja vikna uppgjörstímabilum. Aðrir aðilar sem flytja inn til landsins áfengi þurfa að greiða áfengisgjaldið strax við tollafgreiðslu, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 96/1995, lög um gjald af áfengi og tóbaki. Þeir munu hins vegar áfram fá greiðslufrest á öðrum aðflutningsgjöldum, svo framarlega sem skilyrði til þess eru uppfyllt, sbr. 121. gr. tollalaga nr. 88/2005.